

Stjórn námsbrautarinnar ákvarðar kennslugreinar, skiptingu þeirra í námskeið og vægi þeirra og skal það tilgreint í kennsluskrá. Allar breytingar á kennsluskrá skal tilkynna eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg, en geta verið munnleg eða verkleg eftir ákvörðun námsbrautarstjórnar.

Ef prófþættir í námskeiði eru tveir eða fleiri, er stjórn námsbrautarinnar heimilt að tillögu kennara að ákveða, að stúdent teljist ekki lengur hafa staðist próf nema hann hafi í tilteknum prófþáttum náð lágmarkseinkunn námskeiðsins í heild. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.

Árangur stúdents í verklegu námi skal metinn af þeim kennara, sem kennsluna veitir. Einkunn í verklegu námi reiknast ekki til lokaekunnar í námskeiði. Þó er kennara það heimilt með samþykki námsbrautarstjórnar og skal slík ákvörðun þá tilgreind í kennsluskrá.

Til þess að standast próf verður stúdent að hafa hlotið eigi lægri einkunn en:

1. 4,0 í efnafræði.
2. 6,0 í hjúkrunarnámskeiðum samkvæmt nánari ákvörðun námsbrautarstjórnar.
3. 5,0 í öðrum námskeiðum.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 16. júlí 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Knútur Hallsson.

FORSETA BRÉF

um setningu Alþingis mánudaginn 17. ágúst 1992.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 31 1. júní 1992, um samkomudag reglulegs Alþingis 1992 o.fl., sbr. síðari mgr. 35. gr. stjórnarskrárinnar, skal reglulegt Alþingi 1992 koma saman mánudaginn 17. ágúst 1992.

Um leið og ég birti þetta, að tillögu forsætisráðherra, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 7. ágúst 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.